

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri, EBAK, haldinn í Hofi þriðjudaginn 18.mars 2025

1. Fundarsetning.

Karl Erlendsson formaður EBAK setti fundinn.

Ágætu félagar og aðrir góðir gestir. Verið öll hjartanlega velkomin á þennan aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri árið 2025 í Hofi.

Sérstaklega vil ég bjóða velkomna gesti okkar sem reyndar eru ekki mættir.

Frá síðasta aðalfundi fyrir um ári síðan hafa nokkrir félagar okkar farið yfir móðuna miklu. Ég vil biðja viðstadda að rísa úr sætum og minnst allra félaga okkar sem fallið hafa frá, um leið og við sendum ættingjum þeirra innilegar samúðarkveðjur.

Kannað var lögmæti fundarins og hvernig var til hans boðað. Hann var auglýstur í Dagskránni, á heimasíðu félagsins, fésbókarsíðu EBAK og í tölvupósti til félagsmanna. Auglýsingar birtust nokkrum klukkustundum of seint miðað við viku fyrirvara og biðst ég velvirðingar á því.

Ég segi því aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri árið 2025 settan.

Minni á að aðeins félagar hafa kosningarétt á fundinum.

Tillaga stjórnar er að Hákon Hákonarson verði fundarstjóri og þau Valgerður Jónsdóttir og Garðar Lárusson verði fundarritarar.

Samþykkt samhljóða

2. Skýrsla stjórnar og úrtak úr nefndaskýrslum fyrir starfsárið 28. mars 2023 til 18. mars 2024.

Stjórn félagsins var þannig skipuð á starfsárinu, Karl Erlendsson formaður, Björn Snæbjörnsson varaformaður, Karl Guðmundsson gjaldkeri, Valgerður Jónsdóttir ritari, og Fjóla Sigurðardóttir, Sigurður Harðarson og Þóra Hjaltadóttir meðstjórnendur. Varamenn voru Margrét Marvinsdóttir, Margrét Alfreðsdóttir og Brynjólfur Ingvarsson.

Bókaðir stjórnarfundir voru 17 talsins, en á árinu var ákveðið að hætta að hafa sérstaka framkvæmdaráðsfundi, heldur kalla alla stjórnina saman til funda. Formaður félagsins hefur jafnframt verið starfsmaður í 40% starfi. Skrifstofan var opin þrjá daga í viku tvo tíma í senn.

Nú eru skráðir félagar 2770 og fer hratt fjölgandi.

Samningur milli félagsins og Akureyrarbæjar rennur út um næstu áramót og þarf því að huga að endurnýjun hans á haustdögum. Samstarfið við Akureyrarbæ er með ágætum og mikivægt að það haldi áfram á sömu braut.

Stærstur hluti félagsstarfsins er á vegum hinna ýmsu nefnda en fastanefndir eru þær sömu og áður: Ferðanefnd, fræðslunefnd, skemmtinefnd, dansklúbbur, golfnefnd, göngunefnd, gönguklúbbur, spilanefndir félagsvistar og keppnisbridds. Netmiðlanefnd er á vegum stjórnar. Í haust vann stjórn við að gera nýjar starfslýsingar fyrir nefndirnar. Þetta var gert til einföldunar og samræmingar og er þessu verki lokið.

Úrdráttur úr starfi nefnda.

Skemmtinefnd. Fjölgað var í nefndinni á árinu og eru nú 10 í nefndinni. Haldin hafa verið 34 bingó og 6 krárvöld.

Ferðanefnd. Nefndin hélt 8 formlega fundi. Fjórar ferðir voru farnar innanlands og tvær ferðir utanlands. Jólahlaðborð var í Hótel Seli. Tvær ferðir féllu niður vegna dræmrar þátttöku.

Fræðslunefnd. Fræðslufundir voru 15 á starfsárinu og bókaðir gestir 1221. Nefndin sjálf hélt 17 bókaða fundi. Að meðaltali sóttu 87 manns fræðslufundina. Mest 157.

Bridgenefnd. Spilaður er tvímenningur í Birtu á fimmtudögum. 15,3 pör mættu að meðaltali. Alls hafa 60 einstaklingar mætt til leiks.

Göngunefnd. Nefndin hélt þrjá undirbúningsfundi. Gengið var í Kjarnaskógi á þriðjudögum og aðsókn góð. Mest yfir 50 manns.

Gönguklúbbur. Göngur voru vikulegar á fimmtudögum. Yfirleitt um 5 km ganga og þátttakendur 8 – 30, meðaltal ca 18. Skipulagðar voru 43 göngur á vegum klúbbsins.

Dansnefnd. Dansnefndin gengst fyrir dansæfingum 1. og 3. miðvikudag í hverjum mánuði. 15 til 30 hafa mætt á hverja æfingu.

Golfnefnd. Æft er tvisvar í viku í aðstöðu Golfklúbbs Akureyrar í Íþróttahöllinni. Aðsókn mætti vera betri.

Húsnæðismál

Félagsaðstaðan í Birtu.

Í samræmi við samning Akureyrarbæjar og félagsins, hefur félagið aðstöðu í Birtu í Bugðusíðu1. Það er auðvitað ljóst að húsnæðið er of lítið og er farið að há starfsemi félagsins. Miklum tíma og fjármunum hefur verið varið í að finna viðunandi lausn til framtíðar. Má þar nefna hugmyndir um að kaupa líkamsræktarstöðina Bjarg og breyta henni í félagsmiðstöð. Það gekk ekki eftir, eins og mönnum er kunnugt. Þá var leitað leiða til að byggja við núverandi sal í Birtu. Leitað var eftir samþykki Sjálfsbjargar, sem er stór eigandi að Bugðusíðunni, um viðbyggingu. Þessari málaleitan var einfaldlega mjög eindregið hafnað og er þessi möguleiki því ekki lengur fyrir hendi. Segja má að félagið sé enn á byrjunarreit og ekki nein lausn í sjónmáli. Hitt er svo annað mál að við munum flytja skrifstofuna í annað og hentugra herbergi fyrir framan salinn núna eftir páskana og erum við þakklát fyrir það. Félagið hefur bætt aðstöðuna í salnum með kaupum á tæknibúnað s.s. 98 tommu snertiskjá með aukaskjá bakatil. Auk þess voru keyptir 95 stólar í salinn sem auðvelda mjög uppröðun á fundum og við frágang.

Húsnæðiskönnun.

Húsnæðishópur EBAK með aðstoð Akureyrarbæjar gekkst fyrir húsnæðiskönnun meðal fálagsmanna s.l. vor. Send voru út um 2000 tölvupóstar með spurningalista og fengum við 673 svör til baka. Það verður að teljast mjög góð svörun og gefur mjög góða mynd af stöðu húsnæðismála eldra fólks á Akureyri og vilja þess til breytinga. Athygli vekur að um 24% svarenda telja mjög líklegt eða frekar líklegt að þeir muni skipta um húsnæði á næstu þremur árum. Vandamálið er auðvitað það að lítið er af hentugu húsnæði í boði. Undir liðnum önnur mál verður kynnt vinna við stofnun ÍBA 55+, sem ætlað er að auka val fólks eftir miðjan aldur á hentugu húsnæði.

Kjaramál.

Eins og áður hefur félagið látið til sín taka varðandi hagsmunamál eldra fólks. Sér í lagi hefur Kjaramálahópur félagsins unnið gott og markvisst starf. Björn Snæbjörnsson mun hér á eftir fjalla um störf hópsins.

Virk efri ár.

Eins og undanfarið hefur Akureyrarbær staðið fyrir verkefninu „Virk efri ár“ Þetta verkefni gengur mjög vel og aðsókn góð. Geta má þess að Ringo í Síðuskóla á miðvikudögum er nú hluti af því verkefni. Sú nýjung var tekin upp að bjóða þátttakendum upp á hádegismat í mötuneyti skólans og hefur það tekist með miklum ágætum. Eftir áramótin tók bærinn líka í notkun svo kallað hreyfikort fyrir

67 ára og eldri. Þar kaupa menn kortið á 40.000 kr og fá þá aðgang að hreyfingu á vegum bæjarins. Ég veit reyndar lítið um reynsluna af þessu.

LEB.

Landsfundur LEB var haldinn í Reykjavík í byrjun maí. Þar var Þóra Hjaltadóttir kjörin í stjórn landsambandsins og eru því tengsl okkar betri en áður og er það vel. Nú eigum við 11 fulltrúa á næsta þingi LEB og erum við orðin næstfjölmennasta félagið landssambandinu.

Öldungaráð.

Hallgrímur Gíslason mun gera grein fyrir störfum öldungaráðs hér á eftir. Hér hefur verið stiklað á stóru í starfsemi félagsins undanfarið ár. Örugglega margt fleira sem mætti nefna en hér læt ég staðar numið.

Ég vil svo þakka meðstjórnendum mjög gott samstarf og fyrir hönd stjórnar þakka öllum mjög svo óeigingjarnt starf í nefndum og hópum félagsins.

Takk fyrir.

3. Ársreikningar félagsins

Karl Guðmundsson gjaldkeri EBAK lagði fram endurskoðaða reikninga ársins 2024.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins eru rekstrartekjur kr. 25.708.684- og rekstrargjöld kr. 26.326.235-. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði er kr. -617.551-. Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru kr. 2.849.078-, þannig að heildarhagnaður ársins er kr. 2.231.527-.

Rekstrartekjur félagsins eru félagsgjöld kr. 8.781.500-, tekjur nefnda kr. 14.927.184- og aðrar tekjur 2.000.000-.

Rekstrargjöld félagsins eru nefndir og heilsuefling kr. 14.018.352-, LEB kr. 2.443.258-, laun og launatengd gjöld 2.871.450- stjórnunarkostnaður kr. 5.597.171- og annar rekstrarkostnaður kr. 1.396.004-.

Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé um áramót kr. 58.979.174-.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslur og reikninga.

Helga Kristjánsdóttir spurðist fyrir um auglýsingakostnað. Karl svaraði og útskýrði hvað lagi að baki. Flestar auglýsingarnar birtast í Dagskránni. Félagið getur nú sent upplýsingar í gegnum tölvupóst.

Hjörleifur Hallgríms minntist á húsnæðismál það er stöðugt talað ár eftir ár en ekkert gerðist og vildi meina að hægt væri að leysa þetta mál ef eitthvað yrði gert en að ekkert gerðist í þeim málum

Helga Kristjánsdóttir spurði hvað þyrfti stórt húsnæði fyrir félagið.

Reikningar samþykktir samhljóða.

4. Skýrslur kjarahóps og öldungaráðs

Skýrsla öldungaráðs.

Hallgrímur Gíslason flutti skýrslu öldungaráðs.

Fulltrúar Félags eldri borgara í ráðinu eru þau Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Þorgerður Þorgilsdóttir og Hallgrímur Gíslason, sem jafnframt er varaformaður ráðsins. Auk þeirra sitja í ráðinu þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn og einn frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Varamenn EBAK eru Þóra Ákadóttir, Gunnar Gíslason og Sigurður Harðarson.

Öldungaráð starfar skv. lögum um málefni aldraðra og um félagsþjónustu sveitarfélaga og einnig eftir sérstakri samþykkt um ráðið. Það á að vera ráðgefandi aðili í allri stefnumótun og skipulagi á þjónustu við eldra fólk í bænum og fylgjast með þeim málum. Bæjarráði er skylt að taka fundargerðir ráðsins til afgreiðslu.

Frá síðasta aðalfundi EBAK hafa verið haldnir 8 fundir í ráðinu. Sá fyrsti var með bæjarstjórn um búsetumál, húsnæðiskönnun sem EBAK gerði, stuðningsþjónustu og frístundaakstur, en einnig um samanburð á gjaldskránnokkurra sveitarfélaga, sem var gerður fyrir okkur, en við lukum svo við. Í júní var fundur með forseta bæjarstjórnar, formanni bæjarráðs og fleirum. Þar fengum við kynningu á vinnu við fjárhagsáætlun og komum hugmyndum okkar á framfæri.

Við höfum mikið rætt um búsetumál, eigna- og leigumöguleika og svo lífsgæðakjarna. Það var stofnaður vinnuhópur um slíkan kjarna og vakti skipun hans undrun okkar í öldungaráði því eini fulltrúi ráðsins í hópnum var ekki titlaður sem slíkur heldur sem bæjarfulltrúi.

Í málefnasamningi meirihluta bæjarstjórnar stendur m.a. að komið verði á lýðheilsustyrk fyrir tekjulágt og efnaminna fólk. Öldungaráð og EBAK hafa ýtt á bæjarstjórnina að standa við það, en það hefur ekki tekist. Þess í stað var samþykkt að gefa út hreyfikort fyrir þann hóp. Ráðið frétti af því máli eftir krókaleiðum og síðan var málið afgreitt, án þess að ráðið hafi fengið nokkrar skýringar, fyrr en eftir á. Við átöldum bæjarstjórnina fyrir þessi vinnubrögð, sem eru fyrir neðan allar hellur.

Við tókum þátt í hugmyndavinnu vegna lýðheilsustefnu bæjarins, höfum m.a. fengið kynningar á heimahjúkrun, stuðningsþjónustu og málefnum hjúkrunarheimilanna, áttum góðan fund með Amtsbókaverði um þjónustu safnsins, gerðum umsögn við hugmyndir um breytt leiðakerfi stæto vegna færslu jöfnunarstöðvar norður fyrir Glerártorg og eigum fulltrúa í hópi um bætt umferðaröryggi.

Umræðan um samgöngur á milli félagsmiðstöðvanna hefur því miður ekki skilað árangri. Matur er nú fjórum sinnum í viku í hvorri félagsmiðstöð, en er enn heldur dýrari en víðast annars staðar.

Í október flutti undirritaður erindi á málþingi um öldungaráðin á vegum Landssambands eldri borgara og Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar kom fram að ráðið hér er eitt af best skipulögðu ráðunum á landinu.

Í lok ráðstefnunnar voru vinnustofur þar sem meðal annars kom fram að nauðsyn væri að kynna öldungaráðin betur fyrir bæjarstjórn, stjórnun félaganna og eldri borgurum. Þessir aðilar þyrftu að nýta ráðin betur og að nauðsyn væri á góðum samskiptum á milli sveitastjórna og ráðsins og á milli ráðsins og félaga eldri borgara og þeirra sjálfra.

Við hér eigum góð samskipti við stjórn EBAK og fundum með henni þrisvar sinnum á ári og skiptumst þar á upplýsingum og hugmyndum.

Skýrsla kjarahóps.

Björn Snæbjörnsson flutti skýrslu kjarahóps

Fundastjóri og ágætu félagar.

Ég ætla að fara yfir starf kjarahóps EBAK:

Stjórnin skipaði hópinn sumarið 2023

Hópurinn er samansettur af 10 manns, 6 körlum og 4 konum. Auk mín eru eftirtaldir í hópnum: Helgi Jónsson, Jón Már Héðinsson. Hreinn Pálsson, Emil Sigurjónsson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Þóra Hjaltadóttir, Margrét Marvinsdóttir og Margrét Árnadóttir

Markmið með stofnun hópsins var m.a. að:

Hafa áhrif á kjör aldraðra bæði með fræðslu og ekki síst að koma áherslum okkar hér á Akureyri til þeirra sem ráða þ.e. ríkistjórn og bæjarfélagsins.

Koma þeim í skilning um að við viljum réttlæti og að við sættum okkur ekki við það að vera sett aftur fyrir aðra.

Hópurinn hefur haldið 5 fundi á starfsárinu.

Við höldum fund í Brekkuskóla þann 12. apríl sl. boðuðum fulltrúa allra flokka á Alþingi til fundar Mætt var frá öllum nema 2 flokkum.

Þessi fundur var fjölsóttur og líflegar umræður og ekki vantaði að fólk spyrði þingmennina.

Þessi fundur var mjög góður og ég held að hann hafi opnað á betri skilning og að við eldri borgarar látum í okkur heyra og vitum hvað við viljum.

Allavega hef eg oft heyrt minst á þennan fund í samtölum við þingmenn.

Þann 23. október höldum við fund með bæjarfulltrúum og var mætt frá öllum flokkum í bæjarstjórn Akureyrar.

Vel var mætt og spurningum ringdi á bæjarfulltrúa sem svöruðu og kom ýmislegt þar fram.

Nauðsynlegt er að halda svona fund einu sinni á ári og í lok fundar að hafa borðaumræður þar sem fundargestir geta rætt persónulega við bæjarfulltrúa.

Kjarahópurinn hefur komið skilaboðum til Landsambandsins og þar hefur verið unnið að því að koma okkar málum á framfæri

Í kjaranefnd LEB eru núna tveir frá Akureyri ég sem formaður nefndarinnar og Þóra Hjaltadóttir.

Það hefur allavega haft þann árangur að vera að djöflast í pólitíkinni að Kjaranefnd LEB ásamt stjórn sambandsins höldum fund sem var streymt núna fyrir kosningarnar og var honum streymt og talið er að þeir sem mættu og voru á streyminu hafi verið um 800 manns og geri aðrir betur.

Það virðist sem okkar mál séu komin á dagskrá því að í stjórnarsáttmála ríkistjórnarinnar eru öll helstu baráttumál LEB.

Spurning um efndir en við í Kjaranefnd EBAK munum fylgjast vel með og bakka félagar okkar í kjaranefnd LEB upp í að fylgja málum eftir.

Það er á stefnuskrá kjaranefndar EBAK að halda í vor opinn fund með þingmönnum kjördæmisins þar sem þeir verða spurðir út í stefnu þeirra flokka um málefni eldra fólks.

Einnig er það á stefnuskrá að gera aðra könnun á meðal félagsmanna EBAK um kjaramál.

Við í kjarahópnum þökkum fyrir samstarfið og stuðninginn á síðasta ári og lofum því að gera allt það sem við getum til að ná árangri fyrir okkur eldri borgara þessa lands.

En að lokum:

Kjarahópurinn telur það nauðsynlegt að senda frá fundinum ályktun um stöðuna og hvatningu til okkar allra að standa okkur betur í okkar kjarabaráttu..

5. Breytingar á samþykktum.

Karl Erlendssoni kynnti breytingar á samþykktum félagsins

1. gr. Nafn og heimili

Fyrir breytingu

Félagið heitir Félag eldri borgara á Akureyri, skammstafað EBAK. Starfssvæði þess er Akureyri og nágrenni. Heimili og varnarþing þess er á Akureyri. Heimasíða félagsins er ebak.is og netfang er ebakureyri@gmail.com.

Eftir breytingu

Félagið heitir Félag eldri borgara á Akureyri, skammstafað EBAK. Starfssvæði þess er Akureyri og nágrenni. Heimili og varnarþing þess er á Akureyri. Heimasíða félagsins er www.ebak.is og netfang er ebakureyri@gmail.com.

3. gr. Félagar**Fyrir breytingu**

c) Haldin skal skrá yfir fullgilda greiðandi félagsmenn sem lögð verði til grundvallar félagslegum réttindum í EBAK. Einnig skrá yfir gjaldfría félagi 90 ára og eldri.

Eftir breytingu

c) Haldin skal skrá yfir félagsmenn sem lögð verði til grundvallar félagslegum réttindum í EBAK. Einnig skrá yfir gjaldfría félagi 90 ára og eldri.

5. gr. Stjórnskipan**Fyrir breytingu**

b) Kjörtímabil aðalstjórnar er tvö ár. Formaður er kosinn sérstaklega annað hvert ár. Á hverjum aðalfundi skal kjósa þrjá aðalmenn til tveggja ára. Varamenn eru kosnir til eins árs. Hætti stjórnarmaður á miðju kjörtímabili skal, þrátt fyrir ofangreint ákvæði, kjósa eftirmann hans til eins árs. Stjórn ákveður röð varamanna á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund.

Eftir breytingu

b) Kjörtímabil aðalstjórnar er tvö ár. Formaður er kosinn sérstaklega annað hvert ár. Á hverjum aðalfundi skal kjósa þrjá aðalmenn til tveggja ára. Varamenn eru kosnir til eins árs. Stjórn ákveður röð varamanna á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund.

6. gr. Aðalfundur**Fyrir breytingu**

c) Aðalfund skal halda ár hvert fyrir 1. apríl og boða til hans með auglýsingu í fjölmiðlum, á heimasíðu félagsins eða á annan sannanlegan hátt með minnst viku fyrirvara.

Eftir breytingu

c) Aðalfund skal halda ár hvert fyrir 1. apríl og boða til hans með auglýsingu á heimasíðu félagsins eða á annan sannanlegan hátt með minnst viku fyrirvara.

Fyrir breytingu

j) Afgreiðsla tillagna, ályktana og erinda sem lögð eru fyrir fundinn. Slíkar tillögur og erindi ber að senda stjórn félagsins skriflega minnst tveimur vikum fyrir aðalfund.

Eftir breytingu

j) Afgreiðsla tillagna, ályktana og erinda sem lögð eru fyrir fundinn. Slíkar tillögur og erindi ber að senda stjórn félagsins skriflega minnst viku fyrir aðalfund.

7. gr. Verkefni stjórnar**Fyrir breytingu**

a) Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera. Þessir þrír aðilar ásamt formanni skipa framkvæmdaráð innan stjórnar. Ráðið skal skráð sem raunverulegir eigendur EBAK.

Eftir breytingu

- a) Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera.

Fyrir breytingu

- b) Formaður stýrir jafnan fundum stjórnar en er heimilt að tilnefna annan stjórnarmann sem fundarstjóra á einstökum fundum.

Eftir breytingu

- b) Formaður stýrir jafnan fundum stjórnar eða varaformaður í forföllum hans.

8. gr. Almennir félagsfundir**Fyrir breytingu**

- a) Stjórn félagsins skal boða til almennra félagsfunda þegar henni þurfa þykir. Félagsfundur skal boða með minnst einnar viku fyrirvara með auglýsingu í fjölmiðlum. Þó er stjórninni heimilt að boða fund með skemmri fyrirvara þegar mikið liggur við. Félagsfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Eftir breytingu

- a) Stjórn félagsins skal boða til almennra félagsfunda þegar henni þurfa þykir. Félagsfundur skal boða með minnst einnar viku fyrirvara með auglýsingu. Þó er stjórninni heimilt að boða fund með skemmri fyrirvara þegar mikið liggur við. Félagsfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

9. gr. Fastanefndir og aðrar nefndir**Fyrir breytingu**

Fastanefndir sem kjörnar eru á aðalfundi eru þessar:

- a) Ferðanefnd
- b) Fræðslunefnd
- c) Skemmtinefnd
- d) Spilaneftndir: Keppnisbridds og félagsvist
- e) Heilsuefning: Göngunefnd, golfneftnd, dansklúbbur, gönguklúbbur o.fl.
- f) Uppstillinganefnd

Eftir breytingu

Fastanefndir sem kjörnar eru á aðalfundi eru þessar:

- a) Ferðanefnd
- b) Fræðslunefnd
- c) Skemmtinefnd
- d) Spilaneftndir: Keppnisbridds og félagsvist
- e) Heilsuefning: Göngunefnd, golfneftnd, dansklúbbur, gönguklúbbur o.fl.
- f) Stjórn kórs aldraðra „Í fínu formi“ .
- g) Uppstillinganefnd

Fyrir breytingu

- a) Allir nefndamenn eru kosnir árlega nema í uppstillinganefnd sbr. 10. gr. Stjórn félagsins ákveður fjölda fulltrúa í nefndum í samráði við þær. Sama aðila má aðeins kjósa samfellt í fjögur ár í sömu fastanefnd. Sami einstaklingur getur aðeins verið fulltrúi í einni fastanefnd á sama tíma. Gæta skal þess að ekki sé skipt um alla nefndamenn í einhverri nefnd á sama aðalfundi. Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá fjögurra ára reglunni hvað varðar setu aðila í stjórn og nefndum ef brýna nauðsyn ber til.

Eftir breytingu

a) Allir nefndamenn eru kosnir árlega nema í uppstillinganefnd sbr. 10. gr. Stjórn félagsins ákveður fjölda fulltrúa í nefndum í samráði við þær. Sama aðila má aðeins kjósa samfelld í fjögur ár í sömu fastanefnd. Gæta skal þess að ekki sé skipt um alla nefndamenn í einhverri nefnd á sama aðalfundi. Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá fjögurra ára reglunni hvað varðar setu aðila í stjórn og nefndum ef brýna nauðsyn ber til.

Fyrir breytingu

b) Allar nefndir sem kosnar eru á aðalfundi félagsins skulu starfa sem mest sjálfstætt en þær bera ábyrgð á fjármálum sínum gagnvart stjórn félagsins hverju sinni. Þær kjósa sér formann og geta hvatt sér til aðstoðar fleiri félaga ef þeim þykir henta, þótt aðalfundur hafi kosið vissan fjölda til starfans. Allar nefndir og hópar skulu vinna eftir starfslýsingum sem unnar eru í samráði við stjórn. Komi upp ágreiningur innan nefndar þannig að hún verði óstarfhæf skal þeim ágreiningi vísað til stjórnar sem þá tekur endanlega ákvörðun máls þess er um er að ræða.

Eftir breytingu

b) Allar nefndir sem kosnar eru á aðalfundi félagsins skulu starfa sem mest sjálfstætt en þær bera ábyrgð á fjármálum sínum gagnvart stjórn félagsins hverju sinni. Þær kjósa sér formann og geta hvatt sér til aðstoðar fleiri félaga ef þeim þykir henta, þótt aðalfundur hafi kosið vissan fjölda til starfans. Stjórn er heimilt að skipa í aðrar tímabundnar nefndir, ef hún telur þess þörf. Allar nefndir og hópar skulu vinna eftir starfslýsingum sem unnar eru í samráði við stjórn. Komi upp ágreiningur innan nefndar þannig að hún verði óstarfhæf skal þeim ágreiningi vísað til stjórnar sem þá tekur endanlega ákvörðun máls þess er um er að ræða.

Fyrir breytingu

c) Formönnum nefnda ber að sjá til þess að stjórn félagsins berist reglulega fundagerðir og skýrslur um starfsemina. Formenn nefnda eiga rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti þegar mál sem snerta nefnd þeirra er á dagskrá,

Eftir breytingu

c) Formenn nefnda eiga rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti þegar mál sem snerta nefnd þeirra er á dagskrá.

10. gr. Uppstillinganefnd

Fyrir breytingu

d) Tillögur uppstillinganefndar um aðila í stjórn og nefndir félagsins skulu liggja frammi á opnunartíma skrifstofu félagsins og á heimasíðunni ebak.is minnst tveimur vikum fyrir aðalfund. Tillögur félaga í stjórn og nefndir skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en viku frá því að uppstillinganefnd leggur tillögur sínar fram á opnunartíma skrifstofu og á heimasíðu félagsins.

Eftir breytingu

d) Tillögur uppstillinganefndar um aðila í stjórn og nefndir félagsins skulu liggja frammi á opnunartíma skrifstofu félagsins og á heimasíðunni ebak.is minnst tveimur vikum fyrir aðalfund. Aðrar tillögur félagsmanna í stjórn og nefndir skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en viku frá því að uppstillinganefnd leggur tillögur sínar fram á opnunartíma skrifstofu og á heimasíðu félagsins.

Fyrir breytingu

Ofangreindar samþykktir voru samþykktar á aðalfundi félagsins 28. mars 2023 og öðlast þegar gildi.

Eftir breytingu

Ofangreindar samþykktir voru samþykktar á aðalfundi félagsins 18. mars 2025 og öðlast þegar gildi.

Hallgrímur Gíslason benti á að grein 9 d. væri óþarfi þar sem kórin verði ein af fasta nefndum

félagsins.

Freysteinn Bjarnason taldi að breytingin að kórinn verð ein af fasta nefndum væri ekki slæmur kostur en átalði að ekki hafi verið haft samráð við kórinn um þessar breytingar.

Karl bauðst til að draga tillöguna um að kórinn væri ein af fasta nefndunum til baka og ræða málin betur við kórinn.

Tillagan verður því

9. gr. Fastanefndir og aðrar nefndir

Fastanefndir sem kjörnar eru á aðalfundi eru þessar:

- a) Ferðanefnd
- b) Fræðslunefnd
- c) Skemmtinefnd
- d) Spílanefndir: Keppnisbridds og félagsvist
- e) Heilsuefling: Göngunefnd, golfnefnd, dansklúbbur, gönguklúbbur o.fl.
- f) Uppstillinganefnd

Fundarstjóri bar að breytingarnar upp í heild sinni og voru þær samþykktar samhljóða

5. Árgjald félagsins fyrir 2026

Karl Guðmundsson gjaldkeri EBAK kynnti tillögu stjórnar.

Stjórn EBAK – Félags eldri borgara á Akureyri leggur til að árgjald félagsins fyrir árið 2026 verði krónur 4250-.

Tillagan var samþykkt samhljóða

6. Fjárhagsáætlun 2024 lögð fram.

Karl Guðmundsson lagði tillöguna fram.

Rekstrartekjur:

Félagsgjöld kr. 9.000.000-, Akureyrarbær samningur kr. 2.000.000 – ferðanefnd kr. 8.000.000-, kórinn kr. 4.000.000-. aðrar tekjur kr. 2.000.000- .

Samtals kr. 25.000.000-.

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld 3.230.000-,rekstur skrifstofu 900.000-, aðkeypt þjónusta 2.000.000-,vörukaup 900.000-, akstur skrifstofustjóra 600.000- . endurskoðun og reikningsskil 600.000-, LEB 2.500.000-, landsfundur 250.000-, auglýsingar 900.000-, annar kostnaður 1.000.000- , kór og ferðanefnd varasjóður 1.000.000- , ferðanefnd 8.000.000-, kór 4.000.000-, þjónustugjöld banka 350.000-, afskriftir áhakda og tækja 500.000-
Samtals kr. 25.730.000-

Hagnaður ársins kr. (730.000)

Fjármagnstekjur kr. 3.000.000-

Fjármagnsgjöld kr. 800.000-

7. Kosningar í stjórn og nefndir.

Karl Erlendsson formaður kynnti tillögur uppstillinganefndar og er listinn sjálfkjörinn.

TILLÖGUR UPPSTILLINGANEFNDAR

Stjórn félagsins -

Formaður

Karl Erlendsson

Aðalstjórn

Karl Guðmundsson

Þóra Hjaltadóttir

Valgerður Jónsdóttir

Björn Snæbjörnsson

Guðný Fjóla Sigurðard.

Ólöf Inga Andrésdóttir

Varastjórn-

Margrét Marvinsdóttir

Margrét Alfreðsdóttir

Brynjólfur Ingvarsson

Nefndir 2025 – 2026 (kosnar til eins árs)

Ferðanefnd:

Halldór Sigurgeirsson

Snjólaug Sigurðardóttir

Anna Guðmundsdóttir

Jón Ingi Einarsson

Gunnar Larsen

Helga Sigurðardóttir

Ásdís Gunnlaugsdóttir

Bryngeir Kristinsson

Skemmtinefnd:

Unnur Þorsteinsdóttir

Sigurður Gíslason

Lilja Guðmundsdóttir

Sigrún Kjartansdóttir

Guðný Fjóla Sigurðardóttir

Guðbjörg Sigurðardóttir

Helga Alfreðsdóttir

Guðrún Sigurðardóttir

Saga Jónsdóttir

Ari Baldursson

Margrét Sigurðardóttir

Hallgrímur Bóas Valsson

Fræðslunefnd:

Þorgerður Gunnlaugsdóttir

Stefán B. Sigurðsson

Helga Halldórsdóttir

Magna Guðmundsdóttir

Sigríður Ása Harðardóttir

Spilanefndir:

a) Bridds:

Haukur Harðarson

Stefán Vilhjálmsson

b) Félagsvist:

Helgi Helgason

Sigríður Harðardóttir

Sigurrós Aðalsteinsdóttir

Árni Stefánsson

Ólafur Steinarsson

Elísabet I. Randversdóttir

Þórir P. Agnarsson

Finnur Marinósson

c) Paravist. föstudögum

Hjörleifur Hallgríms Herbertsson

Golfnefnd:

Einar Hjartarson

Björn Sigmundsson

Erla Hrund Friðfinnsdóttir

Göngunefnd:

Hrefna Hjálmarsdóttir

Jósefína Stefánsdóttir

Halla Sigurðardóttir

Svala Sigurðardóttir

Elín Sigurbjörg Jónsd.

Dansnefnd

Kristín Skúladóttir
Fríða L. Angantýsdóttir
Ingibjörg Sigurbjörnsd.
Sigurður Þorláksson
Jutta Knur
Bragi Jónsson

Gönguklúbbur:

Garðar Lárusson
Birna G. Hermannsdóttir
Oddný Ólafsdóttir
Þorbjörg Þorsteinsdóttir
Tryggvi Marinósson

TILLÖGUR STJÓRNAR OG UPPSTILLINGANEFNDAR

Skoðunarmenn reikninga:

Arnar Árnason
Hafdís Freyja Rögnvaldsd.

**TILLÖGUR STJÓRNAR UM UPPSTILLINGANEFND
VEGNA AÐALFUNDAR 2023**

Elín Antonsdóttir
Jón Haraldur Lárusson
Helga Kristjánsdóttir
Hrefna Torfadóttir
Benedikt Bragason
Sigurður Harðarson

Fundarstjóri bar listan upp og var hann samþykktur samhljóða

8. Ályktanir fundarins**Ályktun um húsnæðismál EBAK**

Aðalfundur EBAK haldinn í Hofi 18. mars 2025 skorar á bæjarstjórn Akureyrar að bæta félagsaðstöðu EBAK þannig að það samrýmist kröfum um vaxandi starfsemi félagsins en núverandi húsnæði er of oft of lítið.

Félagsmenn EBAK eru nú um 2700 og fer ört fjölgandi og ekki er óvenjulegt að 150 – 200 manns mæti á viðburði á vegum félagsins. Húsnæði í Birtu og Sölku er langt frá því að anna þörfinni. Félagsstarfið hjá EBAK er farið að líða fyrir þetta.

Stjórn EBAK hefur leitað lausna og m.a. sett fram hugmyndir um viðbyggingu við sal Birtu. Sú lausn hefur hins vegar mætt andstöðu stærsta meðeiganda Akureyrarbæjar í Bugðusíðu 1.

Fundurinn skorar á bæjarstjórn Akureyrar að leita allra leiða í samvinnu við EBAK til að bæta úr þessu ófremdarástandi í húsnæðismálum félagsins.

Hjoleifur Hallgríms vill að bæjarstjórn svari strax þessari áskorun.

Samþykkt samhljóða

Ályktun um kjaramál eldri borgara

Aðalfundur EBAK haldinn 18. mars 2025 fagnar þeim auknu áherslum sem Landsamband eldri borgara hefur lagt á kjara- og húsnæðismál félaga sinna.

Þetta hefur komið fram í auknum þrýstingi á stjórnvöld og fundarherferð um landið til að kynna

sambandið og fræða fólk um stöðu kjaramála.

Það hefur komið skýrt fram í viðræðum við pólitíska flokka að ekki verður beðið endalaust eftir réttlæti okkur til handa.

Er sanngjarnt að það skuli breikka bilið á milli lágmarkstaxta launafólks og grunnlífeyris sem er í dag kr. 102.000.

Er eðlilegt að skerðingarmörk vegna lífeyristekna sé kr. 36.500 og hafi aðeins hækkað um kr. 11.500 frá 1. janúar 2017.

Er eðlilegt að greiðslur frá TR skerðist ef fólk hefur nokkrar krónur í vexti,

Eldri borgarar hafa sagt nei þetta er ekki eðlilegt og nú virðist sem að ný ríkistjórn hafi hlustað og eru mörg þeirra mála sem eldri borgarar hafa barist fyrir, nú komin í stjórnarsáttmála ríkistjórnarinnar.

Skorar fundurinn á ríkistjórnina að efna loforðin sem allra fyrst en ekki geyma það til loka kjörtímabilsins.

Fundurinn fagnar því sérstaklega að stofna eigi embætti talsmanns eldri borgara.

Fundurinn skorar á Landsamband eldri borgara að þau fylgi kjaramálum félagsmanna sinna eftir af festu og einurð.

Einnig að Landsambands eldri borgara efli erindrektur t.d. með heimsóknum forustufólks sambandsins, ekki sjaldnar en annað hvert ár til félaga um landið þar sem m.a. yrði farið yfir hlutverk þess og stöðu kjara- og húsnæðismála félagsmanna sambandsins.

Samþykkt samhljóða.

9 Önnur mál.



Karl Erlendsson kynnti ÍBA55+ Íbúða þróunarfélag Akureyrar sem er starfshópur um lífsgæðakjarna fyrir eldra fólk á Akureyri.

Sveinn Sigurbjörnsson vill beina því til Ríkisúvarpins að vera ekki með tónlist undir töluðu máli. Björn Snæbjörnsson svaraði að LEB hafi tekið málið upp.

Hákon Hákonarson fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fundarsetuna.

Karl Erlendsson þakkaði öllum þeim sem koma að starfi félagsins í síðasta ári og sleit fundinum.

Um það bil 100 manns voru á fundinum.



Fylgiskjöl með fundargerð:

Ársskýrslur nefnda Félags eldri borgara á Akureyri, EBAK, lagðar fram á aðalfundi 2025

I. Skýrsla Ferðanefndar

II. Skýrsla Fræðslunefndar

III. Skýrsla Skemmtinefndar

IV. Skýrsla Spilaneftndar keppnisbridds

V. Skýrsla Spilaneftndar félagsvist

VI. Skýrsla Göngunefndar

VII. Skýrsla Golfneftndar

VIII. Skýrsla Dansklúbbs

IX. Skýrsla Gönguklúbbs

I. Skýrsla Ferðanefndar

Þetta starfsár er nefndin þannig skipuð.

Anna Guðmundsdóttir.

Gunnar Larsen.

Halldór Sigurgeirsson formaður.

Helga Sigurðardóttir ritari.

Hólmfríður Guðmundsdóttir.

Jón Ingi Einarsson.

Pétur Haraldsson.

Snjólaug Sigurðardóttir gjaldkeri.

Nefndin hélt 8 formlega fundi á starfsárinu auk ótal smærri funda um framkvæmd ferða. Alls voru 5 ferðir innanlands og 2 til annara landa.

Fyrsta ferðin, dags ferð um Skagafjörð vestan vatna og sunnan Varmahlíðar var áætluð 8. júní en henni var frestað vegna veðurs en svo var farið 30. júlí í góðu veðri og heppnaðist ferðin vel. Farastjóri var Jón Ingi Einarsson og leiðsögumaður var Kristján Sigurðsson.

21. júní ferð um Þingeyjarsveit þ.e. Aðaldal, Reykjadal og Laxárdal. Undirbúning þessarar ferðar sá Halldór Sigurgeirsson en fararstjóri var Sverrir Haraldsson.

8.- 12 júlí var farið um Strandir og norðan verða Vestfirði. Undirbúning og umsjón með þessari ferð hafði Hólmfríður Guðmundsdóttir. Var löngu orði uppselt í þessa ferð og tókst hún afar vel.

17. ágúst. Nestisferð á Flateyjardal leiðsögumaður var Ósk Helgadóttir. Vel heppnuð ferð í góðu veðri.

Jólahlaðborðsferð á Hótel Seli og var uppselt í þessa ferð og samkvæmt venju öllum til fyrirmyndar sem að því komu.

Tvær ferðir féllu niður vegna lélegrar þátttöku en það voru ferð Húsavík, Þeistareykir, Mývatnssveit og sigling með Húna.

Ferðanefnd er í nánú sambandi við ferðaskrifstofur á Akureyri um ferðir í beinu flugi frá Akureyri sem eru skipulagðar af þeim. Farið var í tvær ferðir á síðasta starfsári, til Benedorm 27. október til 13. nóvember 2024 og til Madeira 6. – 17. mars 2025

Ferðanefnd EBAK er að undirbúa spennandi ferðir á næsta ári og hlakkar til að kynna það á næstu dögum.

Hallór Sigurgeirsson.

Formaður.

II. Skýrsla Fræðslunefndar

Kynningar á vegum fræðslunefndar ebak frá aðalfundi 2024 til aðalfundar 2025

Dags.	Efni	Flytjandi	Alls	Konur	Karlar
8.apríl	Danskar sögur og söngvar	Rafn Sveinsson o.fl.	135	100	35
22.apríl	Ljósberar og lambaspörð. Plöntur í máli og myndum.	Davíð Hjálmar Haraldsson	57	35	22
6.maí	Heilsugæslan á Akureyri; fortíð/framtíð	Jón Torfi Halldórsson	64	46	18
27.maí	Hringferð um Gjögurskaga í myndum	Björn Ingólfsson	99	54	45
30.sept.	Réttindi til ellilífeyris hjá TR	Unnur K. Sigurgeirsd./ Sigurjón Skúlason	55	40	15
14. okt.	Lífið á Gjögraskaga	Björn Ingólfsson	88	55	33
28. okt.	Að alast upp í Þorpinu	Kristín M. Jóhannsdóttir	157	105	52
11. nóv.	Ævintýri á áttæðisaldri	Stefán Sigurðsson	54	33	21
25. nóv	Kynning á nýjum bókum, fyrri kynning	Höfundar kynntu	73	45	28
9. des.	Kynning á nýjum bókum, seinni kynning	Höfundar kynntu	55	37	18
13. jan.	Heilsa eldri borgara	Arna Rún Óskarsdóttir	130	94	36
27. jan.	Netsvindl og varnir gegn því	Kristján Bjarki Gautason	81	51	30
10. febr.	Goðafoss þaðan liggja leiðir til allra átta	Helga Erlingsdóttir	93	63	30
24. febr.	Tryggingar aldraðra á ferðalögum erlendis	Kári Agnarsson	80	49	31
10. mar.	Örnefni í landi Akureyrar, sunnan Glerár	Þorsteinn Arnórsson	84	53	31
			1305	860	445

III. Skýrsla Skemmtinefndar

Stjórnina skipa:

Formaður: Benedikt Bragason

Varaformaður: Sara Svanlaugsdóttir

Ritari: Jónas Jónsson

Meðstjórnendur: Unnur Þorsteinsdóttir, Hörður Gunnarsson, Fjóla Sigurðardóttir, Sigurður Gíslason, Sigrún Kjartansdóttir, Margreta Björke og Guðrún Sigurðardóttir.

Haldin hafa verið og fyrirhuguð eru fram á vor 38 bingó eða vikulega yfir vetrartímann. Vegna aukinna

vinsælda voru vinningar hækkaðir en þó skila bingóin smávægilegum afgangi.

Haldin hafa verið Kráarkvöld/dansleikir mánaðarlega á starfsárinu frá september til apríl að undanskildum jólamánuðinum. Sú nýbreytni var tekinn upp til reynslu að halda annað hvert kráarkvöld í Sölku Víðilundi 20. Jafnframt var tíminn stytur um hálf tíma þannig að nú er dansað frá 20:30 – 23:30. Aðsókn hefur aukist og er nú plássleysi farið að há starfseminni auk þess sem burður á borðum og stólum reynist sumum erfiður. Stulli og Tóti frá Siglufirði hafa bæst í hóp tónlistarmanna.

Nefndin fundaði fjórum sinnum á tímabilinu og snerust fundirnir aðallega um skipulag. Óljóst er hve margir nefndarmanna gefa kost á sér til áframhaldandi setu en þó er ljóst að Benedikt, Guðrún, Jónas og Sara gefa ekki kost á sér áfram.

Akureyri 18. mars 2025

Benedikt Bragason formaður
Jónas Jónsson ritari

IV. Skýrsla Spilanefndar keppnisbridds

Bridgenefnd
Nöfn: Stefán Vilhjálmsson, Haukur Harðarson

Spilað var keppnisbridge (tvímenningur) í Birtu, Bugðusíðu 1 á fimmtudögum kl. 13-16. Spilað var 6 sinnum frá aðalfundi EBAK 20.3. 2024 til 23.5. Spilamennska hófst 12. sept. í haust og var spilað vikulega til 19. des., alls 15 skipti. Á nýju ári hefur verið spilað frá 9. jan. til 13. mars, alls 10 skipti. Þátttaka er góð og vaxandi frá síðasta vetri, 15,3 pör að meðaltali á tímabilinu en 16,5 pör nú eftir áramótin, mæting 13-22 pör.

Alls hafa 60 einstaklingar mætt til leiks a.m.k. einu sinni, þar af 12 konur.

Nefndarmenn þakka öllum spilurum skemmtilega og þróðmannlega keppni og starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar fyrir sitt starf og góðar kaffiveitingar.

Akureyri 14. mars 2025
Stefán Vilhjálmsson
Haukur Harðarson

V. Skýrsla Spilanefndar félagsvist

Skýrsla hefur ekki borist

VI. Skýrsla Göngunefndar

Skýrsla nefndar um göngur í Kjarnaskógi sumarið 2024

Í nefndinni voru eftirfarandi:

Hrefna Hjálmarsdóttir
Jósefína (Sisi) Stefánsdóttir (ný í nefndinni)
Halla Sigurðardóttir (ný í nefndinni)
Númi Adolfsson
Rafn Sveinsson

Þeir Númi og Rafn glímdu við alvarlegan heilsubrest og mættu stopult.
Finnur Marinósson hljóp oft undir bagga með okkur enda vanur maður.

Eftir aðalfundinn var nefndarfólk kallað saman 6. maí 2024.

Við ræddum um almenna tilhögun, rútuferðirnar og hvar væri hentugt að stoppa, sumarferð var fastsett 13. ágúst. Þarf að panta mat o.fl. fyrir svona stóra hópa tímanlega. Hrefna fór með auglýsingu í Dagskrána og rætt var við SBA.

Halla og Sísí mættu við Lindarsíðu

og Hrefna og Númi mættu í Víðilundi

Þetta byrjaði ekki vel þar sem þurfti að aflýsa fyrstu göngunni þ. 4. júní þar sem spáð var vonskuveðri (appelsínugul viðvörun)

En eftir það hófust göngurnar skv. áætlun og voru 10 alls, ein óvissuferð og svo skógarkaffi síðasta þriðjudaginn.

Mæting var góð, yfir 50 manns þegar flest var. Fór töluvert eftir veðri.

Þegar allir voru mætti í rútuna var talið og eins áður en lagt var af stað heim. Við afhentum fólki miða með nöfnum okkar og símanúmerum ef einhverjir skyldi villast og reyndi á þetta strax í fyrstu göngu. Fólki er ráðlag að halda sig á aðalgöngubrautinni, þ.e. þessari sem er upplýst og eins að vera helst tvö og tvö saman. Við erum alltaf með sjúkrakassa í ferðunum, en sem betur fer hefur vart þurft að opna hann. Reynt var að aðstoða þá göngufélaga sem áttu erfitt með að komast út úr rútu og einstaka voru með göngugrindur og margir með stafi.

Í upphafi hverrar göngu var boðið upp á fróðleiksmola, yfirleitt örstutt og var lögð áhersla á að fólk gæti bara gengið af stað ef það vildi.

Héðinn Svarfdal var okkur hjálplegur, prentaði út stórt kort af Kjarnaskógi sem þeir sem þess óskuðu gátu fengið. Héðinn mætti svo tvisvar sinnum með heyrnartæki sem göngufólk gat notað og Hallgrímur Indriðason skógfræðingur kom í bæði skiptin og leiddi fólk um hluta skógarins og var með hátalara. Þetta komst vel til skila.

Nefndin fundaði stíft um óvissuferðina og var stefnan tekin á Vatnsnesið þ. 20. ágúst. Fengum prýðis leiðsögukonu Kristínu Sigurrós Einarsdóttur sem kom í rútuna á Sauðárkróki.

Ferðin tókst um margt vel en varð heldur löng. Miklar vegaframkvæmdir voru á Vatnsnesinu og síðan fengum við skilaboð um að ekki væri ráðlegt að fara lengra en að Illugastöðum þar sem vegurinn væri mjög slæmur og rúta hefði lent í vandræðum þar sem vegakantur hefði gefið sig. En við skoðuðum heilmargt og komum fróðari heim.

Þann 27. ágúst var svo boðið upp á glæsilegt skógarkaffið við Birkivöll og mættu alls 55 manns. Þau Halla og Finnur sáu alfarið um að panta veitingar og koma þeim fyrir og fengu mikið hrós fyrir enda bæði þjónar með mikla reynslu. Ingólfur skógarvörður kom með hljómborðið og það var sungið af hjartans lyst og Bergþór Þórsson hitaði ketilkaffi. Þetta var auðnustund og góður endir á frábæru sumarverkefni.

Í lokin langar mig að minnast á að við viljum gjarnan fá fleiri karlmenn í göngurnar. Konur eru miklum heirihluta. Eins bendum við á að ef fólk á erfitt með gang þarf alls ekki að ganga langt en njóta skógarins og þess sem hann býður uppá.

f.h. göngunefndar

Hrefna Hjálmarsdóttir

VII. Skýrsla Golfnefndar

Skýrsla hefur ekki borist

VIII. Skýrsla Dansklúbbs

Í Dansnefnd EBAK eru fimm fulltrúar: formaður, ritari og meðstjórnendur.

Nefndin stendur fyrir dansæfingum tvisvar í mánuði í félagsmiðstöðinni Birtu.

Fjórir formlegir nefndafundir hafa verið haldnir og auk þess stuttir fundir að loknum dansæfingum eftir þörfum til leggja á ráðin um næstu skref.

Dansæfingar hófust 18. september og lýkur 2. apríl 2025, alls 12 skipti. Dansað er fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar, kl 16:30-17:30, með 30 mínútna viðbótartíma eftir þörfum, danskennslu, upprifjunaræfingum eða til að taka dansa upp á myndband. Danskennslu var 2svar bætt við og nokkrum sinnum hafa verið teknar viðbótaræfingar í einstökum dönsum: Skottís, Jive, skoska dansinum og fleirum. Þátttekendur í danskennslunni greiddu fyrir hana á staðnum. Að mestu er dansað eftir lögum sem við náum í á Spotify en einnig eru gömlu dansarnir spilaðir af geisladiskum. Videoupptökur af dönsum hafa verið settar inn á EBAKsíðuna eða sendar í tölvupósti til þátttakenda, þeim upprifjunar.

Nýjungar eru hópansar undir stjórn Juttu: hringdans og 3ja manna dans.

Auglýsingar eru settar inn á Fésbók fyrir hverja æfingu og auglýsingar hanga einnig uppi á auglýsingatöflum í Birtu og Sölku. Fjöldinn á æfingum hefur verið á bilinu 15-30 þátttakendur.

F.h. Dansnefndar Fríða Angantýs.

X. Skýrsla Gönguklúbbs

Stjórn gönguklúbbsins hélt tvo formlega fundi á starfsárinu. Á fyrsta fundinum voru ferðir í maí, júní og júlí skipulagðar. Á öðrum fundi ferðir í og ágúst, september og október. Þessar ferðir voru auglýstar í Dagskránni og á facebook síðu EBAK. göngur í febrúar, mars, apríl, nóvember og desember. Göngur í febrúar, mars, apríl, nóvember og desember voru skipulagðar af göngustjóra hverju sinni. Fyrsta ferðin var 22. febrúar og síðasta ferðin 2024 var 12. desember. Gengið var vikulega á fimmtudögum kl 10.00 yfir sumartímann (maí – október) en ferðir í febrúar-apríl, nóvember og desember voru eftir hádegi kl. 13.30 vegna birtuskilyrða. Stefnt var að því að hafa göngurnar u.p.b. 5 km en sumar ferðirnar voru lengri Skipulagðar voru 43 göngur á vegum klúbbsins, farastjórar voru úr hópi félaga í EBAK. Fjöldi þátttakenda frá 8 – 30 meðaltal ca. 18. Kostnaður við starfsemi gönguklúbbsins var eingöngu tvær auglýsingar í Dagskránni sem EBAK greiddi. Annars voru ferðirnar auglýstar á facebook síðu EBAK.

F.h. Gönguklúbbsins Garðar Lárusson

